

**Íþróttá og tómstundanefnd
Ráðhús Hafnarfjarðar
Strandgötu 6 - 220 Hafnarfjörður**

Efn: Bygging reiðhalla á athafnasvæði hestamannafélagsins Sörla.

Í október sl. var bæjarstjórn Hafnarfjarðar sent formlegt erindi þar sem óskað var eftir undirbúningsvinnu vegna byggingar reiðhalla hjá hestamannafélaginu Sörla, bréf dags. 12. okt. 2017. Bygging reiðhalla er í samræmi við forgangslista IBH um nýframkvæmdir íþróttamannvirkja. Þessu erindi var vísað til íþróttá og tómstundaneftndar.

Í Sörla er ein reiðskemma 20 x 40 m. 25 ára gömul. Frá því núverandi reiðskemma var byggð fyrir 25 árum hafa engar nýframkvæmdir verið af hálfu Hafnarfjarðarbæjar á athafnasvæði Sörla. Reiðskemman nýtist sem einn kennslusalur og hægt er að kenna að hámarki fjórum nemendum í einu. Nú er svo komið að ekki verður lengur við unað. Iðkendur í Sörla eru um 750 þar af um 200, 18 ára og yngri. Iðkendaölur bera það greinilega með sér að um er að ræða fjölskylduþrótt sem hefur nokkra sérstöðu umfram aðrar íþróttagreinir. Hafnarfjörður hefur á árum áður haft mikið aðdráttarafl fyrir iðkendur hestaíþróttá vegna sérstakrar náttúru. Nú hefur sú þróun átt sér stað að aukin krafa iðkenda er á æfingar- og kennsluástöðu innandyra. Hestamannafélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa verið að byggja upp og bæta sína aðstöðu meðan Hafnarfjörður hefur setið eftir. Nefna má í þessu sambandi að iðkendur í Sörla voru árið 2014 um 850 og þar af um 250 börn og unglingar, iðkendum hefur því fækkað um 100 frá 2014 til 2017. Skýringin á þessari fækkun er flótti vegna aðstöðuleysi hér í Sörla og finnur stjórn Sörla fyrir miklum þrýstingi um bættu aðstöðu. Árið 2014 var aðstaða í Garðabæ og Kópavogi til iðkunar hestaíþróttá innandyra stórbætt.

Sörli óskar eftir að byggð verði ný reiðhöll alls 4200 fm í gegnum alútboð. Það myndi gefa kost á þremur kennslurýmum og einnig nýttast í keppni að vetrinum til. Ef vandað er til verks myndi þessi aðstaða duga hestamannafélaginu næstu 25 árin. Verið er að stofna til vinnuhóps innan Sörla sem mun vinna að þarfagreiningu fyrir félagið.

Íþróttastarf barna og unglunga í Sörla:

- Beiðni hefur komið frá grunnskólum Hafnarfjarðar sem bjóða nemendum eldri bekkja upp á hestaval. Áslandsskóli samþykkir að nemendur velja reiðmennsku sem val, en börnin sjálf og foreldrar verða að finna þjálfara sem er tilbúin að kvitta undir og halda utan um „valfagið“. Í Öldutúnsskóla er boðið upp á hestaval og er það undir umsjón kennara. Umrædd kennsla yrði markvissari og öflugri ef hægt væri að bjóða upp á betra aðgengi að reiðhöll.
- Hestamannafélagið Sörli hefur lengi haft áhuga á að bjóða nemendum Flensborgarskóla á íþróttáafrekssviði aðgengi að kennslu og æfingartímum í reiðmennsku. Foreldrar og forráðamenn unglunga í Flensborg hafa einnig óskað eftir þessu aðgengi sem nánast ómögulegt hefur verið að koma til móts við, vegna aðstöðuleysis.
- Knapamerkjakenndsla er nú þegar fyrir börn og unglunga frá 12 ára aldri, ásamt keppnisnámskeiðum. Hestafjör er námskeið í boði fyrir yngri börnin, en það er sambland af kennslu og æfingareiðtúrum úti. Sörli getur engan veginn miðað við núverandi aðstöðu ullnægt eftirspurn eftir skipulögðu íþróttastafi fyrir börn og unglunga.
- Hestamannafélagið Sörli hefur skrifað undir viljayfirlýsingu um samstarf við önnur hestamannafélög á Reykjavíkursvæðunum um þjónustu við fatlaða einstaklinga. En þjálfun fatlaðra á hestum hefur skilað mjög góðum árangri fyrir börn, fullorðna og MS sjúklinga. Slík aðstaða krefst nýrrar reiðhalla.

Ávinningur fyrir íþróttakennslu barna og unglunga og fjölskyldur þeirra með nýrri reiðhöll:

- Fjölgun hestamanna á Sörlasvæðinu og þeirra sem stunda íþróttina þar sem að reiðhallir hafa bein áhrif á iðkun. Hestamenn sækja þangað sem aðstaðan er góð og brottfall hefur verið frá félagssvæði Sörla yfir á önnur svæði sem bjóða upp á betri og meiri aðstöðu.
- Aukna nýliðun þar sem að hægt verður að bjóða upp á meira og betra samstarf við þá skóla sem óskað hafa eftir aðkomu hestamannafélagsins. Fjöldmörg dæmi er um það að foreldrar hafa síðan elt börnin og byrjað að stunda hestamennsku.
- Fjölgun námskeiða og æfingartíma. Félagið getur ekki fullnægt núverandi eftirspurn. Hægt væri að bjóða uppá fasta æfingartíma fyrir börn og unglunga eins og tíðkast í öðrum íþróttagreinum. Æfingartímar eru nauðsynlegir fyrir byrjendur sem gjarnan velja að taka sín fyrstu spor inn í vernduðu umhverfi sem reiðhöllin er.
- Aukna nýliðun með byggingu félagshúss þar sem að börn og unglingar sem ekki eiga foreldra í hestamennsku geta hýst hesta sína og fengið aðstoð. Dæmi um þetta má sjá í Spretti og Fák þar sem að börn og unglingar hafa aðgang að félagshúsi undir leiðsögn. Börn og unglingar sem ekki eiga foreldra í hestamennsku öðlast möguleika á að stunda íþróttina. Á sumrin sækja á milli 150 og 200 börn sumarnámskeið. Þessi börn hafa ekki möguleika á að iðka hestaíþróttir yfir vetrartímann nema með bættri aðstöðu.
- Aukna samveru foreldra og barna í íþrótt sem sameinar fjölskyldur og kynslóðir auk þess sem íþróttin sameinar hreyfingu og einbeitingu.
- Aukna aðstöðu fyrir íþrótt og afreksfólk á svæðinu. Afreksfólkið hefur, því miður, verið að hverfa til annarra félaga sem hafa upp á meiri og betri aðstöðu að bjóða.
- Betri og meiri aðstöðu til æfinga hestamennsku þar sem að mikill skortur hefur verið hingað til. Sú reiðhöll sem er á svæðinu rúmar ekki það starf sem þarf að fara þar fram í samræmi við breyttar áherslur knapa í þjálfun íþróttarinnar.
- Betri og meiri aðstöðu til kennslu allra aldurshópa þar sem að mikill skortur hefur verið á því hingað til. Sú reiðhöll sem er á svæðinu núna rúmar ekki þá þörf sem kallað er eftir, bæði frá félagsmönnum, foreldrum og breyttar áherslur knapa við þjálfun hrossa. Mikil þjálfun hrossa fer nú fram inn í reiðhöllum áður en farið er út á reiðgötur.
- Fjölgun hestamanna á svæðinu eykur eftirspurn eftir hesthúsalóðum á félagssvæði Sörla. sem síðan veldur fjölgun íbúa Hafnarfjarðar þar sem að hestamenn vilja búa nálægt hesthúsinu sínu. Dæmi eru um það að fólk hafi komið sér upp hesthúsi í Hafnarfirði og flutt síðan heimili sín í kjölfarið til bæjarins.

Sérstaða hestamennsku er margþætt. Bæði er hestamennskan íþrótt og ekki síður lífsstíll. Í hestamennsku er afreksíþróttafólk og einnig þeir sem líta á hestamenskuna sem tómstund og lífsstíl. Börn og unglingar sem eru alin upp við að stunda hestamennsku stunda hana einnig á fullorðinsárum og langt fram á elliár. Hestamennska er fjölskyldusport, hana stundar gjarnan öll fjölskyldan saman. Það gerir þessa íþróttagrein frábrugðna mörgum af hefðbundnum íþróttagreinum, þar sem foreldrar standa frekar á hliðarlínunni og horfa á.

Í fjölskyldustefnu Hafnarfjarðar kemur eftirfarandi fram:

Fjölbreytt tómstundastarf s.s. íþróttir og æskulýðsstarf felur í sér forvarnagildi og eykur lífsgæði einstaklinga og fjölskyldna. Það hefur mikla þýðingu fyrir samfélagið í heild. Æskilegt er í því sambandi að fjölga möguleikum fjölskyldna til sameiginlegra tómstunda. Í Hafnarfirði er lögð áhersla á að hlúa að almennri þátttöku allra í íþróttum, tómstundum og æskulýðsstarfi og styrkja það og efla eins og kostur er. bls.9.

Virðingarfyllt.

Fh. stjórnar hestamannafélagsins Sörla,
Thelma Víglundsóttir, formaður
Þórunn Ansnes, framkvæmdastjóri